



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FYRIRLESTUR FORSETA ÍSLANDS VIÐ HÁSKÓLANN Í LEEDS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hélt í fyrradag, sunnudaginn 11. september 2016, til Englands eftir heimsókn sína á Paralympics leikana í Brasilíu. Á Englandi mun forseti heimsækja Háskólann í Leeds og flytja fyrirlestur á ráðstefnu þar sem fjallað er um framtíð náttúruvíðerna í Evrópu undir yfirskriftinni *The Future of Wild Europe*.

Við Leedsháskóla mun forseti einnig eiga fund með íslenskum nemendum og kennurum, sitja annan fund með jarðvísindamönnum við skólann og hitta sérfræðinga í íslenskum bókmenntum að máli. Þess má geta að íslenskir fræðimenn og raunvísindamenn hafa um árabil átt gott samstarf við Háskólann í Leeds.

Í ferðinni fer forseti um London og heimsækir m.a. breska þingið og á þar fund með þingmönnum úr hópi sem sinnir sérstaklega málefnum Íslands. Þá á forseti jafnframt fund með framkvæmdastjóra Russell Group, sem er samstarfsnet tuttugu og fjögurra öflugra breskra háskóla, og opnar sýningu á verkum Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur í sendiráði Íslands. Fimmtudaginn 15. september mun forseti flytja ávarp við opnun starfsstöðvar tölvuleikjafyrirtækisins CCP í London áður en hann heldur heim til Íslands.

*13. september 2016*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*